

12. Framvarp

til laga um mælitæki og vogaráhöld.

(Lagt fyrir Alþingi 1924).

1. gr.

Hver sú verslun, sem mæla skal varning eða vega, skal til þess nota mælitæki eða vogaráhöld, sem löggilt eru og löglega stimpluð. Tæki þessi og áhöld skulu sæta eftirliti af hálfu stjórnarvalda þeirra, er til þess eru nefnd í lögum þessum; en skylt er engu að siður þeim, er þau tæki nota við afhendingu eða móttöku vöru, að sjá um að þau sjeu rjett.

Öll mælitæki og vogaráhöld, sem notuð eru til þess að ákveða upp-

hæð tollgjalda til ríkissjóðs, eða til þess að byggja á þeim vottorð um vigt eða mæli, eða og til annars, sem ákvæðið kann að verða, skulu vera löggilt og eftirliti háð.

2. gr.

Löggildingu mælitækja og vogaráhalda hafa á hendi lögreglustjórar í kaupstöðunum Reykjavík, Ísafirði, Akureyri, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum, samkvæmt nánari ákvæðum sem felast í lögum þessum og sett verða í konlegri tilskipun um mælitæki og vogaráhöld. Löggildingin fer fram á þann hátt, að stimplað er á tækin löggildingarmerki, er sje stórt C með X innan í og kórónu yfir og auk þess merki, er gefi til kynna hvaða ár löggildingin hafi farið fram, og af hvaða lögreglustjóra hún sje framkvæmd.

3. gr.

Mælitæki og vogaráhöld sem flutt eru til landsins frá útlöndum til notkunar þeirrar, sem ræðir um í 1. gr. skal löggilda, svo sem fyrir er mælt í 2. gr., áður byrjað sje að nota þau, enda sje gerð þeirra slik, að fullnægi ákvæðum konungstilskipunar þeirrar, er um ræðir í 2. gr.

4. gr.

Heimilt er hverjum þeim, sem mælitæki eða vogaráhöld þarf að nota, að kaupa þau hvar sem best þykir, enda sje gætt fyrir mæla laga þessara um gerð þeirra og löggildingu.

5. gr.

Lögreglustjórum er skylt að sjá um, að kaupmenn og kaupþjelög noti eingöngu löggilt mælitæki og vogaráhöld, og yfirleitt, að haldin sjeu þau ákvæði. sem sett eru um notkun slikra tækja. Þeir geta fyrirvaralaust látið skoða áhöld og tæki til mælis og vogar hjá öllum, sem þau nota eða nota ber, og rannsakað, hvort fylgt hefir verið rjettilega fyrir mælum laga þessara.

Lögreglustjórar í kaupstöðum og hreppstjórar í kauptúnum og sveitum skulu á þriggja ára fresti skoða öll mælitæki og vogaráhöld, sem ætluð eru til notkunar þeirrar er ræðir um í 1. gr. Skulu hreppstjórar gefa skýrslu um þessa skoðun til sýslumanna, en sýslumenn og lögreglustjórar til stjórnarráðsins.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið annast um að lögreglustjórar hafi jafnan rjett tæki til að reyna mælitæki og vogaráhöld er löggilt skulu vera, og skulu fyrir myndir slikra tækja geymdar í vörslum þess.

6. gr.

Nú reynist vogaráhald eða mælitæki skakt eða ónákvæmt við skoðun samkv. 5. gr., eða slíkt kemur í ljós á annan hátt, og er þá óheimilt að nota áhaldið eða tækið fyr en viðgerð hefir fram farið á því og áhaldið eða tækið verið löggilt að nýju af einhverjum þeirra lögreglustjóra, sem löggildingu hafa á hendi. Notendur mega hvorki sjálfir nje með aðstoð annara breyta löggiltum tækjum nje gera við þau, nema þeir afmái jafnframt löggildingarmerkin.

7. gr.

Vörumatsmönnum og löggiltum vigtarmönnum skal skylt að athuga, bæði hvort tæki þau, sem notuð eru, sjeu rjett löggilt og merkt og hvort tækin í raun og veru sjeu rjett, og ber lögreglustjórum að veita þeim nauðsynlegar leiðbeiningar um það og þann stuðning, sem með þarf.

8. gr.

Lögreglustjórum ber engin sjerstök borgun fyrir hið almenna eftirlit eftir þessum lögum. Fyrir hina almennu skoðun samkv. 5. gr. skal rikissjóður greiða lögreglustjórum í kaupstöðum útlagðan kostnað þeirra eftir sanngjörnum reikningi, en um greiðslur til hreppstjóra fer eftir 7. gr. laga nr. 64, 14. nóv. 1917.

Fyrir löggildingu ber lögreglustjórum borgun frá eigendum tækjanna, eftir gjaldskrá, er ráðherra setur.

9. gr.

Brot á lögum þessum eða reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt lögnum, varða sektum til rikissjóðs, frá 5—200 kr., nema þyngri hegning liggi við að lögum.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 78, 14. nóv. 1917, um mælitæki og vogaráhöld.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1925.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 78, 14. nóvember 1917, var gerð ný skipun á löggildingu mælitækja og vogaráhalda í landinu, og var samkvæmt þeim lögum sett á stofn löggildingarstofa í Reykjavík, er löggilda skyldi öll löggildingarskyld mælitæki og vogaráhöld, er nota skyldi í landinu. Það hefir nú komið í ljós að fyrirkomulag þetta er bæði dýrt og að ýmsu leyti óhentugt, og kom því fram frumvarp til laga á síðasta þingi, er fór fram á gagngerða breytingu á fyrirkomulaginu. Frumvarp þetta var ekki afgreitt frá þinginu í lagaformi, heldur vísað til stjórnarinnar. Leggur því stjórnin þetta frumvarp fyrir þingið, þar eð hún er þeirrar skoðunar, að það fyrirkomulag, sem í því felst, eigi hjer betur við alla staðháttu og geti orðið bæði einstaklingum og rikinu kostnaðarminna og hentugra.

Löggildingin á eftir frv. að framkvæmast af lögreglustjórunum í Reykjavík, Ísafirði, Akureyri, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum, þannig að senda má áhöld

þau er löggilda þarf á hvern þessara staða sem vera skal og hentugast er fyrir eigendur tækjanna. Annars eiga lögreglustjórar með aðstoð hreppstjóra, að líta eftir því að menn noti að eins löggilt tæki og að þau sjeu í lagi, og geta að sjálfsgöðu bannað notkun þeirra, ef þeim þykir þau eigi tryggileg og fyrirskipað löggildingu á þeim af nýju, áður en þau megi nota áfram.

Ráðuneytið hefir eigi talið það geta samrýmst löggildingu á mörgum stöðum í landinu, að landið hafi einkasölu á mælitækjum og vogaráhöldum, en hefir talið rjett að menn fái að kaupa tækin þar sem þeir vilja, ef þau að eins fullnægi ákveðnum kröfum um gerð þá og lögun sem talið verður nauðsynlegt að þau hafi til þess að þau fáist löggilt.

Samkvæmt frumvarpinu er ætlast til að löggildingarstofan verði lögð niður, en að atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið annist um, að lögreglustjórar hafi nægileg og nothæf áhöld til að geta framkvæmt eftirlit það sem þeim ber að hafa, og að löggildingartæki sjeu jafnan í lagi hjá lögreglustjórum þeim, sem löggildinguna eiga að hafa á hendi. Fyrirmyndir tækjanna hefir það i vörslum sínum og yfirstjórn löggildingarmála á hendi.